


## ✉ Re: ósk um umsögn Brjánslækur

Búið til	13.12.2021 10:33:39
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	13.12.2021 10:33:38
Tilheyrir	 202111-0039 - Brjánslækur - deiliskipulag

### Efni

Re: ósk um umsögn Brjánslækur

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	13.12.2021 10:33:38	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202111-0039 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar, dags. 29. nóvember 2021, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Brjánslækjar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um við gerð deiliskipulagsins.

Í umfjöllun um verndarsvæði mætti þó bæta við umfjöllun um tvö friðlýst svæði í nágrenninu. Annars vegar friðlandið í Vatnsfirði en mikilvægt er að í umhverfisskýrslunni sé horft til mögulegra áhrifa af uppbyggingu á hafnarsvæði og aukinni starfsemi þar á friðlandið og lífríki þess. Hins vegar náttúruvættið í Surtarbrandsgili en einnig þarf að horfa til mögulegra áhrifa af auknum umsvifum og stækkaðri íbúabyggð á Brjánslæk á náttúruvættið og viðkvæma plöntusteingervinga sem þar finnast.

Í umhverfisskýrslunni mætti einnig fjalla um að Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint Breiðafjörð sem mikilvægt fuglasvæði Breiðafjörður | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<http://www.ni.is/node/16066>).

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Óskar Örn Gunnarsson" <[oskar@landmotun.is](mailto:oskar@landmotun.is)>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Magnús A. Sigurðsson" <[magnus@minjastofnun.is](mailto:magnus@minjastofnun.is)>; "Upplýsingar - FERDA" <[upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "landsnet@landsnet.is" <[landsnet@landsnet.is](mailto:landsnet@landsnet.is)>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <[hafogvatn@hafogvatn.is](mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)>; "fiskistofa" <[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)>; "elfar@vesturbyggd.is" <[elfar@vesturbyggd.is](mailto:elfar@vesturbyggd.is)>; "Davíð Rúnar Gunnarsson" <[slokkvilid@vesturbyggd.is](mailto:slokkvilid@vesturbyggd.is)>; "eftirlit@hevf.is" <[eftirlit@hevf.is](mailto:eftirlit@hevf.is)>; "ov@ov.is" <[ov@ov.is](mailto:ov@ov.is)>; "breidafjordur@nsv.is" <[breidafjordur@nsv.is](mailto:breidafjordur@nsv.is)>

**CC:**

**Subject:** ósk um umsögn Brjánslækur

**Date:** 29.11.2021 08:35:25

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi skipulagslýsingu.

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Viðhengi

image001.png (5 KB)